

Sendandi:

Móðurmál – samtök um tvítýngi

Háaleitisbraut 13

108 Reykjavík

Kt. 421101-2990

Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda, 19. mál.

Móðurmál – samtök um tvítýngi fagna tillögu um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda. Við erum sammála um mikilvægi þess að aukin samráð og samvinna sveitarfélaga og ríkisins sé um ráðgjöf og þjónustu fyrir innflytjendur, ekki síst í málefnum sem varða okkar starfsemi – móðurmálskennslu, en samtökin hafa lengi kallað eftir auknum stuðningi að hálfu aðra sveitarfélaga en Reykjavíkur, og stuðningi ríkisins.

Við bendum á það að í tillögu sé talað um samráð en til að gera þjónustu skilvirka, þarf að hafa gilda, reglulega og skipulega samvinnu. Skipta þarf verkefnum þannig að þjónustan sé gagnsæ og aðilar sem eru þegar að þjónusta innflytjendur geta beitt sínum kröftum á þau verkefni sem ráðgjafastofan sinni ekki.

„Þá er einnig mikilvægt að haft sé gott samráð við alla þá aðila sem koma að málaflokknum, t.d. með ýmiss konar ráðgjöf og réttindagæslu. Þar má sérstaklega nefna verkalyðshreyfinguna og Vinnumálastofnun. Til þess að markmið tillögunnar nái sem best fram að ganga, verður samráðið að vera sem víðtækast.“

Einnig þarf að hugsa um tungumál sem ráðgjöfin mun vera á. Góð fordæmi um ráðningar fjöltyngdra starfsmanna eru Mannréttindastofa Reykjavíkur og Miðja máls og læsis. Ef ráðgjöfin eigi að vera skilvirk, verður hún að vera aðgengileg á nokkrum tungumálum, og það eigi koma fram í tillögunni.

Með von um að ráðgjafastofan yrði fljótt að veruleika,

Renata Emilsson Peskova

f.h. stjómar Móðurmáls – samtaka um tvítýngi